

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski frá 1. janúar til 31. maí 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1972.

Stórfiskur nr. 1	kr. 69.00
Millifiskur nr. 1	— 64.20
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 56.25
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 51.85

Verð á öðrum gæðaflokkum verði ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verði 2.5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. janúar 1972

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

19. janúar 1972.

Nr. 24.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Rúnar Vilhjálms-son, íþróttamann, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. janúar 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Rúnar Vilhjálms-son, íþróttamann.

Fæddur 19. janúar 1950, dáinn 1. febrúar 1970.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Rúnar Vilhjálms-son, íþróttamann, er lézt af slysförum hinn 1. febr. 1970.

2. gr.

Stofnendur eru foreldrar hins látna, hr. Vilhjálmur Þorbjörnsson og frú Árný Runólfsdóttir, Njörvasundi 25, Reykjavík.

3. gr.

Stofnfjárhæð er kr. 1 000.000.00 — ein milljón króna —, en af þeirri fjárhæð skal strax úthluta til byggingaframkvæmda félagsheimilis Knattspyrnufélagsins FRAM í Reykjavík kr. 500 000.00 og sömuleiðis skal verja strax kr. 200 000.00 til að reisa um Rúnar veglegan minnisvarða, er komið skal fyrir í félagsheimilinu.

Eftirstöðvarnar, kr. 300 000.00, skulu vera hinn raunverulegi stofn sjóðsins og skulu $\frac{2}{3}$ hlutar vaxtatekna hans renna árlega til félags- og tólmstundastarfs innan Knattspyrnufélagsins Fram, en $\frac{1}{3}$ hluti bætast jafnan við höfuðstólinn, svo og aðrar tekjur sjóðsins, gjafir og áheit.

4. gr.

Sjóðurinn skal ætíð vera í vörzlu Knattspyrnufélagsins Fram, sem jafnan skal kjósa honum þriggja manna stjórn er sér um að ávaxta hann og fara með málefni sjóðsins í einu og öllu samkvæmt reglugerð sjóðsins.

5. gr.

Reglugerð sjóðsins má í engu breyta nema með samþykki gefenda sjóðsins, og að þeim látnum, allra nánustu ættingja.

Til staðfestu framanrituðu eru nöfn okkar rituð hér undir.

Reykjavík, 15. desember 1971.

Vilhjálmur Þorbjörnsson. Árný Runólfsdóttir.

Nr. 25.

REIKNINGUR**Styrktarsjóðs vangefinna 1971.****Rekstursreikningur.****Tekjur:**

Flöskugjald	kr. 28 595 000.00
Vaxtatekjur	— 398 084.00
	<hr/>
	kr. 28 993 084.00

Gjöld:

Styrkur vegna Stjórnugrófar	kr. 6 000 000.00
Styrkur vegna Sólborgar, Akureyri	— 1 613 051.00
Styrkur vegna Skálatúns	— 5 000 000.00
Styrkur vegna Kópavogshælis	— 9 000 000.00
Tekjur umfram gjöld	— 7 380 033.00
	<hr/>
	kr. 28 993 084.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1971.**Eignir:**

Innstæða í Útvegsbanka Íslands	kr. 4 990 575.00
Skuldabréf Styrktarfélag vangefinna	— 4 000 000.00
	<hr/>
	Kr. 8 990 575.00